

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Skólasjóð Menntaskólans á Egilsstöðum.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Skólasjóður Menntaskólans á Egilsstöðum og starfar skv. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá. Heimili hans og varnarþing er á Fljótsdalshéraði.

#### 2. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að eflingu menntunar og menningar á Austurlandi með því að styðja við starfsemi Menntaskólans á Egilsstöðum með margvíslegum hætti, svo sem að:

styrkja samstarfsverkefni sem skólinn tekur þátt í,  
bæta bókakost skólans og aðgengi að rafrænu efni,  
bæta aðstöðu til náms og nýsköpunar í skólastarfi,  
efla félagslíf nemenda skólans og menningarstarf,  
verðlauna efnilega nemendur og styðja þá sem búa við erfiðar aðstæður.

#### 3. gr.

Stofnandi sjóðsins er Menntaskólinn á Egilsstöðum. Stofnfé sjóðsins er kr. 32.938.000 miðað við nóvember 2017. Það á uppruna sinn annars vegar í sjóðum sem voru í vörslu Alþýðuskólans á Eiðum en voru afhentir Menntaskólanum á Egilsstöðum við sameiningu skólanna og sameinaðir í skólasjóði 2006. Hins vegar er hluti stofnfjár kominn úr Menningarsjóði prófastshjónanna á Hofi sem einnig hefur verið í vörslu Menntaskólans á Egilsstöðum frá sameiningu við Alþýðuskólann á Eiðum.

Óskerðanlegur hluti stofnfjár er kr. 10.000.000 sem ávaxta skal með tryggilegum hætti.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð fjórum fulltrúum sem gegna neðangreindum embættum innan skólans hverju sinni:

Skólameistara Menntaskólans á Egilsstöðum.  
Formanns skólanefndar Menntaskólans á Egilsstöðum.  
Formanns Kennarafélags Menntaskólans á Egilsstöðum.  
Formanns Nemendafélags Menntaskólans á Egilsstöðum.

Skólameistari er formaður stjórnar en stjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum. Ákvarðanir stjórnar eru teknar með meirihluta atkvæða og vegur atkvæði formanns tvöfalt. Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né þóknun fyrir störf sín.

Stjórn sjóðsins skal framfylgja markmiðum skipulagsskrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum sjóðsins og kemur fram fyrir hans hönd gagnvart þeim sem veita sjóðnum fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ákveður stefnu og starfstilhögun sjóðsins í samræmi við skipulagsskrá þessa og setur sér starfsreglur.

Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðislega.

Stjórn skal halda gjörðabók um fundi sína og skrá í hana ákvarðanir sínar um ávöxtun, úthlutanir og annað sem sjóðnum viðvíkur og máli skiptir.

Sjóðstjórn ber ábyrgð á ávöxtun sjóðsfjár og er heimilt að fela viðurkenndum fjárvörsluaðila umsjón með fjármunum sjóðsins.

#### 5. gr.

Tekjur Skólasjóðs Menntaskólans á Egilsstöðum auk vaxta af stofnframlagi eru tekjur af framlögum frá opinberum aðilum, einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum og annars aflafjár. Tekjum

sjóðsins má einvörðungu verja í þeim tilgangi sem samrýmist markmiðum sjóðsins, sbr. 2. gr., og til að standa straum af kostnaði við rekstur sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal úthluta ráðstöfunarfé til styrkja sem samrýmast markmiðum sjóðsins skv. 2. gr. skipulagsskrárinnar.

Sjóðstjórn hefur árlega til ráðstöfunar vaxtatekjur af eignum sjóðsins að frádregnum verðbótum en hefur einnig heimild til að ganga á allt að 10% af höfuðstól sjóðsins til styrkveitinga annað hvert ár. Jafnframt hefur sjóðstjórn heimild til að verja til sérstakra átaksverkefna allt að 50% af höfuðstól sjóðsins en fyrir slíku þarf samþykki allra stjórnarmanna. Ekki má þó ganga á óskerðanlegan hluta sjóðsins, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu auglýstir til umsóknar í samræmi við þær starfsreglur sem stjórn setur sér.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta. Stjórn sjóðsins skal ganga frá reikningum næstliðins árs fyrir 1. maí ár hvert.

Stjórn sjóðsins velur tvo skoðunarmenn til þriggja ára í senn. Skoðunarmenn mega ekki eiga sæti í stjórn sjóðsins. Skoðunarmenn skulu yfirfara og undirrita reikninga sjóðsins.

Áritaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningsskil sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

8. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum sjóði eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

Komi til niðurlagningar Skólasjóðs Menntaskólans á Egilsstöðum skal eignum hans varið til eflingar menntunar og menningar á Austurlandi.

9. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 6. nóvember 2017.*

**Bjarni Stefánsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrímsdóttir.*